

49  
27. apríl

2. *Strandasýsla.*

Til fullra	5 ára	aldurs	.....	kr.	220.00
—	—	10	— —	.....	— 150.00
—	—	16	— —	.....	— 50.00

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Vatnsfjarðarsveitar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- málaráðherra 29. apríl 1926. Skipulagsskráin er þannig:

50  
29. apríl

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir

**„Menningarsjóð Vatnsfjarðarsveitar“.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður Vatnsfjarðarsveitar“.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja að aukinni menningu og mentun á starfssviði sínu, sem er Vatnsfjarðarsveit. Að því markmiði vinnur hann — er stundir líða fram — með styrkveitingum til hverskyns náms, bóklegs sem verklegs. Til mála getur og komið, að sjóðurinn veiti styrk til skólahalds á starfssviði sínu.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður haustið 1925 með gjöfum nokkurra fjelagsmanna í U. M. F. „Vísir“, og er hann afhentur því fjelagi til eignar og umráða með þessum skilyrðum:

- a. Að fjelagið taki að sjer stjórn sjóðsins.
- b. Að fjelagið láti semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem fengin sje á konungleg staðfesting, og
- c. Að fjelagið taki að sjer að safna frekara fje til sjóðsins, þannig að hann aukist eitthvað á ári hverju — auk vaxta, sem allir og ósnertir skulu leggja ast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn tekur til starfa.

## 4. gr.

50

Stofnfje sjóðsins var kr. 150.00 — eitt hundrað og fimtíu — og er það 29. apríl upphæð sjóðsins nú, auk vaxta frá nýári 1926.

Fyrst um sinn, meðan U. M. F. „Vísir“ er í skuldum fyrir samkomuhúsi sínu, mega eignir sjóðsins standa inni hjá fjelaginu með 5% pr. a. vöxtum. Meðan svo er, skal fjehirðir fjelagsins hafa á hendi reikninga sjóðsins — aðgreinda frá aðalreikningum fjelagsins. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum fjelagsreikninganna og lagðir fram á aðalfundi U. M. F. ár hvert.

## 5. gr.

Ekki síðar en 10 árum frá stofnun sjóðsins, skulu allar eignir hans, sem þá verða innistandandi hjá U. M. F. „Vísir“, útborgaðar og lagðar inn í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og sjóðurinn ávaxtaður þar upp frá þeim tíma.

## 6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund — má veita styrk úr honum samkvæmt skipulagsskránni, sem nemur alt að helmingi vaxtanna árlega. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund — má veita úr honum styrk, sem nemur  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxtanna árlega. Sjálfan höfuðstólinn má aldrei skerða og  $\frac{1}{5}$  hluti vaxtanna, að minsta kosti, skal jafnan lagður við hann árlega. Sömuleiðis það fje, sem sjóðnum áskotnast á annan hátt.

## 7. gr.

Stjórn U. M. F. „Vísir“ úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum og skal hún vinna það — sem og öll önnur verk í þarfir sjóðsins — endurgjaldslaust.

## 8. gr.

Skilyrði fyrir því að hljóta styrk úr sjóðnum, sem aldrei má bregða útaf, eru þessi: Styrkþegi skal vera meðlimur U. M. F. „Vísir“ og hafa verið það að minsta kosti eitt ár, þegar styrkur er veittur honum. Sje styrkur veittur til náms fátækra barna innan fermingaráldurs, skal að minsta kosti annað foreldranna vera — eða hafa verið — meðlimur U. M. F. „Vísir“.

## 9. gr.

Ekki má veita neinum hærri styrk en sem nemur áætluðum hálfum námskostnaði það ár, sem styrkurinn er veittur. Sama manni má ekki veita styrk oftari en þrisvar sinnum. Sæki fleiri um styrkinn en hægt er að fullnægja í það sinn, skulu þeir sitja fyrir, sem að áliti styrkveitinganefndarinnar hafa mesta hæfileika en minst fje til að standast námskostnað sinn sjálfir. Fleira getur og komið þar til greina, svo sem hvort U. M. F. og sveitin geti átt von á að njóta starfskrafta styrkþegans framvegis, að afloknu námi, eða ekki, og fleira.

**50**

29. apríl

**10. gr.**

Leggist U. M. F. „Vísir“ niður um lengri eða skemri tíma, starfar sjóðurinn ekkert meðan svo er, en *allir* vextir leggjast þá óskertir við höfuðstólinn, þar til fjelagið er reist við að nýju eða annað fjelag er stofnað, er starfi á sama grundvelli, vilji það fjelag taka við sjóðnum með sömu skyldum og rjettindum og U. M. F. „Vísir“ hafði á sínum tíma, samkvæmt skipulags-skrá þessari.

Skipulagsskráin, þannig hljóðandi, er samþykkt með öllum atkvæðum á lögmatum fundi í U. M. F. „Vísir“ 2. jan. 1926.

*Kristján Steinsson*, p. t. form. *Kristján Össurarson*, p. t. ritari U.M.F. „Vísir“.

*Páll Pálsson*, p. t. gjaldkeri U.M.F. „Vísir“.

**51**

29. apríl

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Flateyrar útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. apríl 1926. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir

**Sjúkraskýlissjóð Flateyrar.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir: Sjúkraskýlissjóður Flateyrar.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður við slit „Vatnsveitufjelags Flateyringa“ af  $\frac{5}{16}$  hlutum inneignar fjelagsins í sparissjóði, að upphæð kr. 468.16 — fjögur hundruð sextíu og átta  $\frac{16}{100}$  krónur —. Það sem greiðast kann af  $\frac{5}{16}$  hlutum útistandandi skulda fjelagsins, legst við sjóðinn. Stofnendur sjóðsins eru 5 fjelagar áðurnefnds fjelags, sem heita: Kjartan Rósenkransson, Hlíf Pálsdóttir, Jón P. Sveinsson, Guðný Halldórsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

**3. gr.**

Tilgangur sjóðsins er, að reist verði fyrir hann, að nokkru eða öllu leyti, sjúkraskýli á Flateyri.